

**Ríkissáttasemjari**

**07 302**

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Ríkissáttasemjari  
kt. 540676-0709  
Borgartúni 21, 105 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkissáttasemjari er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Hlutverk stofnunarinnar er að annast sáttastörf í vinnudeilum, fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði og halda skrá yfir gildandi kjarasamninga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 30 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 185,7 milljónir og afkoma kr. 34,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 46,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 55,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkissáttasemjara í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkissáttasemjara fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Aðalsteinn Leifsson,  
Ríkissáttasemjari

(Undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	171.200.000	150.400.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	11.518.400	7.899.400
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	2.984.910	2.415.282
<b>Tekjur samtals</b>		<b>185.703.310</b>	<b>160.714.682</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	79.417.806	65.473.972
Annar rekstrarkostnaður .....	5	68.835.341	57.955.072
Afskriftir .....	6	2.984.910	2.415.282
<b>Gjöld samtals</b>		<b>151.238.057</b>	<b>125.844.326</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>34.465.253</b>	<b>34.870.356</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(30.838)	(72.176)
		(30.838)	(72.176)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>34.434.415</b>	<b>34.798.180</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		18.997.505	16.581.222
Farartæki og vélar .....		0	0
Aðrar eignir .....		2.800.000	2.300.000
Verk í vinnslu .....		0	0
		<u>21.797.505</u>	<u>18.881.222</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>21.797.505</u>	<u>18.881.222</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		0	250.000
Tengdir aðilar .....	8	33.343.744	14.053.586
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	284.059
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>33.343.744</u>	<u>14.587.645</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>55.141.249</u>	<u>33.468.867</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	9		
Hrein eign .....		46.604.415	18.578.097
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>46.604.415</u>	<u>18.578.097</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	0	73.450
Viðskiptaskuldir .....		4.468.071	1.282.410
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	391.644	8.472.881
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	3.677.119	5.062.029
<b>Skuldir samtals</b>		<u>8.536.834</u>	<u>14.890.770</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>55.141.249</u>	<u>33.468.867</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		34.434.415	34.798.180
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	2.984.910	2.415.282
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(2.984.910)	(2.415.282)
		<u>34.434.415</u>	<u>34.798.180</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		534.059	2.047.046
Tengdir aðilar .....		(29.572.898)	(35.490.723)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(4.895.576)	(1.354.503)
		<u>(33.934.415)</u>	<u>(34.798.180)</u>
		<u>500.000</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(5.901.193)	(2.926.907)
		<u>(5.901.193)</u>	<u>(2.926.907)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		3.801.193	1.326.907
Fjárfestingarframlag .....		1.600.000	1.600.000
		<u>5.401.193</u>	<u>2.926.907</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækings endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (frh)

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókom stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnavið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnaviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	171.200.000	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	2.984.910	2.415.282
	<u>174.184.910</u>	<u>152.815.282</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	171.200.000	0	0	171.200.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>171.200.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>171.200.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(136.765.585)	0	0	(136.765.585)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>34.434.415</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>34.434.415</b>

### 3 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	11.518.400	7.899.400
	<u>11.518.400</u>	<u>7.899.400</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	65.369.296	51.789.417
Orlof, breyting .....	(1.105.775)	989.861
Launatengd gjöld .....	14.544.433	12.118.284
Starfsmannakostnaður .....	609.852	576.410
	<u>79.417.806</u>	<u>65.473.972</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	3,5	3,5
------------------------------	-----	-----

	2020	2019
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	375.016	855.311
Ýmis tæki og áhöld .....	928.695	224.987
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	7.650	2.802
Orkugjafir .....	1.167.307	1.079.995
Matvæli .....	4.223.563	3.711.482
Almennar rekstrarvörur .....	803.624	816.010
Vörukaup, almenn	7.505.855	6.690.587
Ýmsar sérgreindar vörur .....	9.702	0
Vörukaup, sérgreind	9.702	0
Fundir, námskeið, risna .....	192.359	2.478.669
Ferðir, uppihald .....	486.312	386.179
Akstur .....	752.951	1.171.650
Sérfræðipjónusta .....	16.864.760	6.315.644
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	13.418	28.142
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	247.916	667.835
Vistunargjöld .....	0	0
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	107.211	7.975
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	18.664.927	11.056.094

## Skýringar

	2020	2019
<b>5 Annar rekstrarkostnaður (frh)</b>		
Afnotagjöld .....	2.778.179	1.923.849
Leigugjöld .....	35.287.796	32.735.070
Notkun véla og flutningatækja .....	125.300	114.960
Verkkaup .....	252.485	1.020.814
Kostnaðarhlutdeild .....	4.211.097	4.411.476
Opinber gjöld .....	0	2.222
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	42.654.857	40.208.391
Annar rekstrarkostnaður samtals	68.835.341	57.955.072

	2020	2019
<b>6 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	2.984.910	2.415.282
	2.984.910	2.415.282

### 7 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	18.997.505	16.581.222
Aðrar eignir .....	2.800.000	2.300.000
	21.797.505	18.881.222

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	24.324.072	2.300.000	26.624.072
Viðbætur á árinu .....	5.338.953	562.240	5.901.193
	29.663.025	2.862.240	32.525.265
Afskriftir 1.1.2020 .....	7.742.850	0	7.742.850
Afskrift ársins .....	2.984.910	0	2.984.910
	10.727.760	0	10.727.760
Staða 31.12.2020 .....	18.935.265	2.862.240	21.797.505

### 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	40.198.100	13.644.386
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	(6.854.356)	409.200
	33.343.744	14.053.586

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	0	73.450
	0	73.450

## Skýringar

### 9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	18.578.097	(16.220.083)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	(6.408.097)	0
Afkoma ársins .....	34.434.415	34.798.180
Jöfnuður 31.12. ....	<u>46.604.415</u>	<u>18.578.097</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
<b>10 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	0	7.960.131
Ógreidd laun .....	0	162.750
Önnur ógreidd gjöld .....	391.644	350.000
	<u>391.644</u>	<u>8.472.881</u>

### 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	21.797.505	18.881.222
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ..	(18.120.386)	(13.819.193)
	<u>3.677.119</u>	<u>5.062.029</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestingafjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	18.881.222	(13.819.193)	5.062.029
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	1.600.000	1.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	5.901.193	(5.901.193)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(2.984.910)	0	(2.984.910)
	<u>21.797.505</u>	<u>(18.120.386)</u>	<u>3.677.119</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 3,2 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

### 12 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði, árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 36 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.